

kom skýrt fram að fólki yrði ekki gefinn kostur á að velja um staðsetningu hins sameinaða skóla heldur myndi sveitarstjórn taka þá ákvörðun.

Þetta ferli var skýrt sett fram fyrir kosningar og það væru svik við tæplega 70% íbúa Þingeyjarsveitar sem okkur kusu að gera annað en við boðuðum.

Nú erum við búin að fylgja þessu ferli, haldinn var íbúafundur þar sem skýrsluhöfundar kynntu skýrslurnar og niðurstöður könnunarinnar voru skýrar, 79% prósent á skólasvæði Þingeyjarskóla vildu sameina Þingeyjarskóla á eina starfsstöð.

Ákvörðun okkar var tekin þegar við höfðum sömu upplýsingar og aðrir íbúar upp úr skýrslunum sem og skoðanakönnuninni. Í skýrslu Haraldar Línalds Haraldssonar kemur fram að öll fjárhagsleg rök mæla með því að skólinn verði sameinaður á eina starfsstöð. Ingvar Sigurgeirsson telur í skýrslu sinni að fagleg og þá jafnframt félagsleg rök mæli með því að skólinn verði á einni starfsstöð. Bjarni Þór Einarsson segir í sinni skýrslu að hægt sé að sameina skólann á eina starfsstöð í húsnæði Hafralækjarskóla með góðu móti með því að kosta til rúmum 16 milljónum króna. Sá kostur er ekki fyrir hendi í húsnæði Litlulaugaskóla, þar þyrfti að byggja við. Meirihluti sveitarstjórnar lítur ekki á viðbyggingu við núverandi húsnæði Litlulaugaskóla sem æskilega og varanlega lausn á húsnæðismálum Þingeyjarskóla.

Framtíðarsýn okkar er að reka tvo góða grunnskóla í sveitarfélaginu þar sem áfram verður unnið gott og metnaðarfullt faglegt- og félagslegt starf fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið er fjárhagslega ekki í stakk búid til þess að byggja nýjan skóla á Laugum, enda væri það óábyrg meðferð á opinberu fé þar sem sveitarfélagið á skólahúsnæði sem getur tekið við öllum nemendum og er miðsvæðis á skólasvæði Þingeyjarskóla. Húsnæði Hafralækjarskóla uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis og er tekið út eins og annað opinbert húsnæði með reglulegum hætti af opinberum eftirlitsaðilum. Húsnæðið er rúmgott og vel búid, þar sem aðstaða er til að kenna flestar greinar. Húsnæðið krefst viðhalds, eins og annað húsnæði, en því er hægt að halda innan viðráðanlegra fjáruútláta á næstu árum. Hægt er að nýta húsnæði Ýdala til íþróttakennslu og hátíðarhalda, en auk þess er hægt að nýta íþróttahús og sundlaug á Laugum til kennslu.

Með því að reka Þingeyjarskóla á einni starfsstöð þarf að fækka starfsmönnum. Það er erfð ákvörðun en nauðsynleg til að ná fram hagræðingu í rekstri. Áætlanir gera ráð fyrir hagræðingu upp á 50 milljónir á ári í 3ja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, þ.e. fyrir árin 2016 – 2018. Auk þess að ná fram hagræðingu í rekstri við þessa breytingu er það okkar sannfæring að með þessu móti verði faglegt

starf skólans betra og félagslegum þörfum baranna okkar betur borgið. Leikskólinn Krílabær verður sjálfstæð stofnun þar sem ekki er hægt að greina rekstrarlegan né faglegan ávinning af því að hafa hann sem deild við Þingeyjarskóla vegna fjarlægðar. Það er hins vegar mikilvægt að halda uppi góðu, faglegu og félagslegu samstarfi milli skólanna. Auglýst verður eftir skólastjóra frá 1. mars 2015, sem mun sjá um að skipuleggja starfsmannahald og móta innra starf skólans. Honum til aðstoðar munum við ráða faglegan ráðgjafa. Þar sem þessi breyting er stjórnvaldsákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga um uppsagnir starfsmanna. Munum við því ekki segja öllum upp eins og við höfðum ráðgert heldur fara eftir meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga. Þar segir: „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“ Það er okkar stefna að gæta hagsmuna starfsmanna sem missa vinnuna. Skipaður verður starfshópur til að vinna að mótvægisáðgerðum vegna þessara breytinga, hann á að skila tillögum til sveitarstjórnar fyrir 1. mars 2015. Við munum koma á samstarfsnefnd sveitarstjóra, skólastjóra Þingeyjarskóla, skólastjóra Stórutjarnarskóla, og skólameistara Framhaldsskólans á Laugum, til að formgera og efla samstarf skólanna. Varaoddviti bar tillöguna upp til atkvæða.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi breytingartillögu ásamt greinargerð:

*„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir að fresta afgreiðslu á tillögu um að færa allt grunnskólastarf Þingeyjarskóla í Hafralæk á meðan fram fer nánari könnun á fjárhagslegum og félagslegum möguleikum og áhrifum af áformaðri breytingu.*

*Meðal annars verði kannað:*

*Hvort möguleikar séu á framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðbyggingar við húsnæði Þingeyjarskóla á Litlulaugum eða til nýbyggingar.*

*Hverjar séu heildarakstursvegalengdir barna að hvorum skóla.*

*Hvort framlag fáiast frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólanemenda frá þéttbýlinu á Laugum í Hafralækjarskóla.*

*Hvaða möguleikar séu á samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum varðandi þróun skólastarfs í Þingeyjarsveit og akstur nemenda af svæðinu í framhaldsskólann.*

*Hver séu líkleg áhrif af lokun grunnskóla á Laugum á Framhaldsskólann á Laugum og þróun íbúafjölda í Þingeyjarsveit.“*

Greinargerð.

Þar sem fyrir liggur samkvæmt skýrslu Ráðbarðar að kostnaður við stækkun Litlulaugaskóla er sambærilegur kostnaði við það viðhald sem fyrirjábanlegt er á húsnæði Hafralækjarskóla í náinni framtíð er gerræði að flytja allt skólastarf í Hafralæk án þess að fyrst fari fram athugun á fjármögnunarmöguleikum viðbyggingar við Litlulaugaskóla eða nýbyggingar.

Séu vegalengdir skoðaðar eru lengstu vegalengdir að báðum skólum mjög sambærilegar, vegna aðstæðna má því ætla að heildarakstursvegalengdir barna yrðu styttri við grunnskóla staðsettan á Laugum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs mun sjóðurinn ekki greiða framlag vegna aksturs á þeim um það bil 30 nemendum sem flytja þarf daglega frá Laugum í Hafralæk verði af fyrirhugaðri breytingu á starfsemi skólans. Hér er um háar fjárhæðir að ræða á ári hverju og hlýtur að vegna á ákvörðun um rekstur Þingeyjarskóla.

Svo sem fram hefur komið bendir margt til að sveitarfélög muni á komandi árum taka virkari þátt í rekstri framhaldsskóla og flest öflugri sveitarfélög leggja áherslu á að starfræktur sé framhaldsskóli í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt hefur verið rætt um að skólastarf muni þróast á þann veg að skil milli grunnskóla og framhaldsskóla verði óljósari og námsframvinda taki meira mið af þörfum einstakra nemenda. Með samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla á Laugum gefst einstakt tækifæri til slíks þróunarstarfs sem gæti styrkt báða skólana og jafnframt þjónað betur ungmennum í Þingeyjarsveit. Þá hafa mörg sveitarfélög skipulagt eða stuðlað að akstri framhaldsskólanema í næsta framhaldsskóla.

Samkvæmt athugun og samantekt um skólamál sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir Þingeyjarsveit árið 2010 „má ætla að flutningur grunnskólastigs frá Laugum myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir Framhaldsskólann og um leið þéttbýlið“.

Varaoddviti bar breytingartillöguna upp til atkvæða.

Breytingatillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúum T lista.

Varaoddviti bar fyrri tillögu upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa

T lista.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

*tónlistarkennslu sem þjónar skólasamfélaginu öllu, skólaaksturs og skólavistunar yngri nemenda og réttindastöðu starfsfólks.“*

Einnig var eftirfarandi lagt fram á fundinum:

*“Undirritaðir geta ekki stutt tillögu sveitarstjórnar sem felur í sér að færa allt grunnskólahald í húsnæði Hafralækjarskóla, m.a. vegna þess að engin greinargerð eða rökstuðningur fylgir tillögunni og ekki er hægt að lesa það út úr þeim skýrslum sem unnar hafa verið né út úr íbúakönnun að þetta sé besti kosturinn. Við teljum einnig að hér sé um stóra ákvörðun að ræða sem hefur mjög margvísleg samfélagsleg áhrif sem hvorki hafa verið kynnt né rædd.*

*Auk þess er erfitt að gefa umsögn um tillöguna þar sem alla nánari útfærslu vantar.”*

*Jóhanna Eydis Þórarinsdóttir, Járnbrá Björg Jónsóttir, Bryndís Pétursdóttir og Kristjana Kristjánsdóttir.*

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

*„Við tökum fyllilega undir þær ályktanir, sem bærust sveitarstjórn frá skólaráði Þingeyjarskóla vegna tillögu um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla.“*

*Sveitarstjórn þakkar fyrir innsendar umsagnir.*

### **3. Tillaga um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla tekin til afgreiðslu**

Tillaga sveitarstjórnar frá 4. desember s.l., um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla tekin til afgreiðslu.

Tillagan er eftirfarandi:

*„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir að grunnskólastig Þingeyjarskóla verði sameinað á eina starfsstöð frá og með 1. ágúst 2015. Sú starfsstöð verði í húsnæði Hafralækjarskóla. Starfsemi tónlistardeilda fylgi grunnskólastiginu. Leikskólinn Krilabær verður við þessa breytingu sjálfstæð stofnun.“*

Fulltrúar A lista lögðu fram eftirfarandi greinargerð:

Í framboðsstefnu A-lista Samstöðu fyrir síðustu kosningar boðuðum við ákveðið ferli sem við höfum fylgt. Þar sagði að við myndum láta gera úttekt á Þingeyjarskóla. Eina skýrslu um hina faglegu hlið, eina um fjárhagslegu hliðina og eina um rýmis- og viðhaldsþörf starfsstöðvanna. Næsta skref væri að halda fund þar sem skýrsluhöfundar myndu kynna skýrslurnar. Að lokum yrði kannaður hugur íbúa á skólasvæði Þingeyjarskóla um hvort þeir vildu sameina Þingeyjarskóla á eina starfsstöð og það yrði gert með kosningu sem varð reyndar að skoðunarkönnun en gerði sama gagn. Í öllu ferlinu

*verið í uppbyggingu og stofna jafnvel í hættu einum stærsta vinnustaðnum í sveitarfélaginu.“*

*Sigurlaug Svavarsdóttir*

*Fulltrúi T lista, Sveitunga í Fræðslunefnd Þingeyjarsveitar.*

Fundargerð Fræðslunefndar verður birt í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

*„Við fulltrúar T lista tökum heilshugar undir bókanir Sigurlaugar, Hönnu Sigrúnar og Birnu og gerum innhald þeirra og orð að okkar“.*

Varaoddviti lagði til, eins og fram kemur í fundargerð

Fræðslunefndar, að ráðinn yrði faglegur ráðgjafi til aðstoðar við framkvæmd breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi breytingartillögu:

*„Fulltrúar T lista leggja til að ákvörðun um ráðningu fagaðila verði frestað.“*

Breytingartillagan borin upp til atkvæða.

Breytingartillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveim atkvæðum fulltrúa T lista.

Fyrri tillaga borin upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista. Fulltrúar T lista sátu hjá.

*Sveitarstjórn þakkar umsagnirnar.*

## **2. Samþykktir fundar skólaráðs Þingeyjarskóla frá 11.12.2014**

Fyrir fundinum liggja samþykktir fundar skólaráðs Þingeyjarskóla frá

11. desember s.l. þar sem tillaga sveitarstjórnar frá 4. desember s.l., um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla var tekin til umsagnar. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða af fundarmönnum sem voru þrettán talsins:

*“Í skólaráði Þingeyjarskóla er skiptar skoðanir um þá tillögu sem sveitarstjórn hefur lagt fram. Þegar endanleg ákvörðun liggur fyrir er margt sem þarf að ákveða og skýra í kjölfarið til að eyða þeirri óvissu sem margir upplifa. Því ferli þarf að hraða eins og frekast er unnt.*

*Því hvetur ráðið sveitarstjórn og skólafyrirvöld til að huga vel að upplýsingagjöf til foreldra, nemenda og starfsfólks um frekari framkvæmd þeirrar tillögu sem verður samþykkt. Er þar m.a. horft til fyrirkomulags samstarfs við Framhaldsskólann á Laugum og nýtingu ípróttaaðstöðu þar, fyrirkomulag*

*„Það er ljóst að í þessu ferli öllu er það staðarval Þingeyjarskóla sem er einn viðkvæmasti þátturinn í ferlinu. Því miður valdi meirihlutinn að halda þeim hluta utan allrar umræðu og þar með faglegar rökræðu. Þetta var einmitt sá hluti sem nauðsynlega þurfti að standa faglega að en var ekki gert illu heilli. Við lýsum fullri ábyrgð á hendur meirihlutunum á þeirri togstreitu sem skipast hefur í samfélaginu sem nánast alfarið er á grundvelli þess að hafa ákvörðun um staðarval án rökræðna. Hagfræðileg úttekt á kostum og göllum staðsetningar og jafnvel fleiri kosta hefði nauðsynlega þurft að fara fram, til að ná faglegri niðurstöðu í skólamálum sveitarfélagsins.“*

## **4. Skipan í starfshóp um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla**

Oddviti lagði fram tillögu um að skipað yrði í starfshóp sem er ætlað að vinna tillögur um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla og skila þeim til sveitarstjórnar fyrir 1. mars n.k.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi breytingartillögu:

*„Að starfshópin skipi fjórir fulltrúar, tveir frá hvoru framboði.“*

Oddviti bar breytingartillöguna upp til atkvæða.

Breytingartillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúum T lista.

Oddviti bar fyrri tillögu upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt með sex atkvæðum. Ragnar sat hjá.

*Samþykkt að skipa Arnór Benónýsson og Heiðu Guðmundsdóttir fyrir A lista og Ragnar Bjarnason fyrir T lista.*

## **5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014**

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögur að viðaukum við fjárhagsáætlun 2014:

- 02- Félagsþjónusta, hækkun gjalda kr. 4.800.000,-
- 04- Fræðslumál, hækkun gjalda kr. 8.000.000,-
- 07- Brunamál og almannavarnir, hækkun gjalda kr. 3.900.000,-
- 09- Skipulags- og byggingamál, hækkun tekna kr. 22.500.000,- og hækkun gjalda kr. 1.900.000,-
- 10- Umferðar- og samgöngumál, hækkun tekna kr. 2.172.000 og hækkun gjalda kr. 7.172.000,-
- 21- Sameiginlegur kostnaður, hækkun gjalda kr. 6.000.000,-

Ofangreindum viðaukum við fjárhagsáætlun 2014, hækkun útgjalda samtals 7,1 m.kr. verður mætt með handbæru fé.

*Sveitarstjórn samþykkir framlagða viðauka við fjárhagsáætlun 2014, hækkun útgjalda samtals að fjárhæð 7,1 m.kr. og að þeirri upphæð verði mætt með handbæru fé.*

#### **Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar**

Oddviti lagði til að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar yrði 15. janúar 2015.

*Samþykkt samhljóða.*

Arnór Benónýsson  
Árni Pétur Hilmarsson  
Heiða Guðmundsdóttir  
Ragnar Bjarnason

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:05  
Margrét Bjarnadóttir  
Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson



## Starfsfólk óskast

Dalakofinn auglýsir eftir starfsfólki næsta sumar. Einnig vantar heilsársstarfsmann frá næsta sumri. Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund, skipulagshæfileika og vera reyklausir. Möguleiki er á hlutastarfi í vetur. Umsóknir berist á netfangið [halli@dalakofinn.is](mailto:halli@dalakofinn.is) með ferilskrá fyrir föstudaginn 30.janúar. Upplýsingar veitir Haraldur Bóasson s. 464 3344

Dalakofinn Laugum

#### **1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 11.12.2014**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 11. desember s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

Undir 2. lið fundargerðar var tillaga sveitarstjórnar frá 4. desember s.l. um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla tekin til umsagnar þar sem formaður Fræðslunefndar lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Fræðslunefnd styður tillögu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla sem kom fram á 159. fundi hennar 4. desember síðastliðinn enda lítur nefndin svo á að meirihluti foreldra og íbúa á skólasvæðinu vilji hafa skólann á einni starfsstöð þar sem tæplega 80% íbúa á skólasvæði Þingeyjarskóla samþykktu það í skoðanakönnun.*

*Fræðslunefnd telur þessa breytingu geta gert góðan skóla enn betri bæði faglega og félagslega fyrir nemendur. Til þess að svo megi verða þarf að leggja metnað í alla vinnu við breytingarnar og tryggja fjármagn til þeirra. Nefndin mælir með að faglegur ráðgjafi verði ráðinn til aðstoðar. Mikilvægt er að nemendur, starfsfólk og foreldrar verði upplýst jafnóðum eins og kostur er. Fræðslunefnd leggur einnig áherslu á að farið verði í það viðhald á skólahúsnæðinu sem þarf að mati byggingarfulltrúa og eldvarnaeftirlits sveitarfélagsins.*

*Fræðslunefnd gerir sér grein fyrir að þessar breytingar eru erfiðar fyrir marga en biður starfsfólk, foreldra og aðra íbúa að gæta hófs í orðræðunni.“*

Formaður bar þessa bókun upp til atkvæðagreiðslu. Margrét, Böðvar og Vagn greiddu atkvæði með bókuninni og Hanna sat hjá. Sigurlaug greiddi atkvæði á móti og lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Það er mér óskiljanlegt að vilja fóna þeirri samfellu í skólastarfi sem fyrir er á Laugum, frá leikskóla til stúdentsprófs og jafnvel háskólanáms að einhverju leyti.*

*Margt bendir til þess að sveitarfélög muni í vaxandi mæli bera ábyrgð á framhaldsskólastiginu, enda er það keppikefli víða að stofna til náms á framhaldsskólastigi.*

*Því er dapurlegt að sjá tækifæri til þróunar á tengslum grunnskóla og framhaldsskóla hvað varðar kennslu, skólaakstur og nýtingu húsnæðis kastað á glæ að því er virðist án eðlilegrar umræðu, skoðunar eða nýtingar þeirrar reynslu og þekkingar sem þegar hefur verið aflað í þessum samskiptum.*

*Sú tillaga sem sveitarstjórn teflir hér fram er til þess fallin að draga úr vexti og viðgangi þess kjarna í sveitarfélaginu sem helst hefur*



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
18.12.2014**

**161. fundur**

**Aukafundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar  
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 18. desember kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Eiður Jónsson, Nanna Þórhallsdóttir og Baldvin Kr. Baldvinsson. Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson sátu ekki fundinn undir 1., 2. og 3. lið fundargerðar sökum vanhæfis og tóku varamenn sæti undir þeim liðum. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá undir 6. lið; Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar.

**Dagskrá:**

- 1) Fundargerð Fræðslunefndar frá 11.12.2014
- 2) Samþykktir fundar skólaráðs Þingeyjarskóla frá 11.12.2014
- 3) Tillaga um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla tekin til afgreiðslu
- 4) Skipan í starfshóp um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla
- 5) Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014

Áður en gengið var til dagskrár lýsti Árni Pétur Hilmarsson og Arnór Benónýsson sig vanhæfa undir 1., 2. og 3. lið. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson lýsti yfir vafa um hæfi undir sömu liðum. Kosið var um hæfi.

Vanhæfi Hlyns samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Vanhæfi Arnórs samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Vanhæfi Árna Péturs samþykkt samhljóða.

Varamenn tóku sæti, Eiður Jónsson og Nanna Þórhallsdóttir fyrir A lista og Baldvin Kr. Baldvinsson fyrir T lista undir 1., 2. og 3. lið. Aðalmenn sem töldust vanhæfir yfirgáfu fundinn.

Varaoddviti tók við fundarstjórn.

# DALAKOFINN

## Óbreytt verð á veitingum.

Þrátt fyrir hækkun vsk úr 7% í 11% um áramót eru óbreytt verð á matseðli og verða þannig til vors. Dalakofinn hefur því lækkað álagningu sem nemur virðisaukaskattinum í versluninni þurftum við að hækka sem nemur vsk á flestum matvörum en þó var álagning endurskoðuð á mörgum vöruflokkum svo ekki kom til hækkunar. Þá lækkuðu allar vörur í hærri vsk.flokki .

### Hálkugormar

Höfum til sölu vinsælu gormana frá Yaktrax til varnar í hálkunni. Einnig hlýja sokka, hanska og lambhúshettur frá Fjallakofanum.

### Lækkað verð á ís

Kjörís hefur hækkað afslátt til Dalakofans og getum við því lækkað verðið.

### Handbolti í beinni

Allir leikir Íslands á HM í Katar verða sýndir beint á breiðtjaldi Styðjum strákana okkar saman

Verið velkomin,  
Dalakofinn / Útibú ehf. s. 464 3344  
dalakofinn.is  
s. 464-3344 dalakofinn.is



## Til sölu aldarafmælisrit HSP

Aldarafmælisrit HSP inniheldur sögu Ungmennasambands Norður Þingeyinga, Héraðssambands Suður Þingeyinga og Héraðssambands Þingeyinga. Skemmtileg bók með mikið af myndum úr starfinu.

Í suðursýslunni er bókin til sölu í Dalakofanum á Laugum, á Sel-Hótel í Mývatnssveit og á Grenivík hjá Birni Ingólfssyni. Bókina er einnig hægt að kaupa í Bókaverslun Þórarins á Húsavík, í Pennanum-Eymundsson á Akureyri - og að sjálfsögðu á skrifstofu HSP með því að senda línur á hsth@hsth.is. Þar er einnig hægt að fá DVD-disk með gömlum upptökum af landsmótum sem HSP hefur haldið frá 1946, 1961 og 1987. Diskurinn kostar kr. 2500,- en bókin kr. 4.000,- í beinni sölu frá HSP. Sendum um allt land.



## Textayfirlestur

Ég tek að mér textayfirlestur fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þ.e. hvers kyns lestur og leiðréttingar á skýrslum, bæklingum, heimasíðum, handritum o.s.frv. Einnig get ég aðstoðað við þýðingar á ensku og dönsku. Er menntaður íslenskufræðingur með langa reynslu af prófarkalestri og mun dvelja í Mývatnssveit næstu mánuði.

Asta Kristín Benediktsdóttir  
s. 8681860  
astakben@gmail.com

## Þorablót í Bárðardal 2015

Þá fer að stytast í það !!!

Laugardagskvöldið **24. janúar** verður þorablót UMF Einingarinnar haldið í Kiðagili af hefð og gömlum vana. Hefst skemmtunin kl 20:30 en húsið opnar kl 19:45.

Á staðnum verða dúkar, diskar, glös og munnþurrkur en **ekki hnífapör**. Fólk er hvatt til að koma með einhverja næringu í trogi.

**Munið að taka úr frosti uppúr helginni svo gestir ykkar þurfi ekki að naga hálfrosnar kjukur!**

Aðgangseyrir er 2.500 kr. 16 ára aldurstakmark.

Hljómsveit verður á staðnum og mun leika fyrir dansi að borðhaldi loknu.

**Pantanir** þurfa að berast fyrir kl. 16:00 **miðvikdaginn 21. janúar** til:

Garðars í síma 4643292 / 893-4950 eða í netfangið [storuvellir@simnet.is](mailto:storuvellir@simnet.is)

Stínu í síma 4643294 eða í netfangið [sipa@mi.is](mailto:sipa@mi.is)

Aðgangseyri er hægt að greiða við innganginn. **ATH ekki posi.**

Hægt er að greiða aðgangseyri á reikning 1110-26-580 kt.

600799-2589 **fyrir klukkan 18:00 föstudaginn. 23. jan. Þá þarf að senda kvittun á netfangið [storuvellir@simnet.is](mailto:storuvellir@simnet.is)**

Nefndin mælir með að sem flestir leggi inn á reikning félagsins til að koma í veg fyrir öngþveiti og múgæsingu í inngangi.



Sjáumst kát og hress  
nefndin



Ef þið hafið eintak af fjölnota söngskrá Einingarinnar undir höndum vinsamlega takið það með!



## Porrablót Eflingar



Porrablót Eflingar verður haldið laugardagskvöldið 7. febrúar á Breiðumýri. Hljómsveitin SOS mun leika fyrir dansi. Takið daginn frá!

Nánar auglýst síðar.  
Nefndin.



Faglausn ehf. veitir alla almenna ráðgjöf á sviði mannvirkjagerðar, s.s. áætlanagerð, teikninga og eignaskipti

Einnig aðstoð við uppsetningu gæðastjórnunarkerfa fyrir iðnmeistara og byggingarstjóra.

[www.faglausn.is](http://www.faglausn.is)

Sími: 8988302 / 4640455.

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík

*Almar Eggertsson, BFÍ,*  
löggiltur byggingafræðingur og hönnuður.  
*Knútur Emil Jónasson,*  
lögg. byggingariðnfræðingur.

## Prek og tár með barnagæslu!

Nú er um að gera að byrja nýtt ár í góðu stuði og mæta í tíma hjá íþróttanemendum FL, sem sjá um að koma þeim sem vilja í form.

Tímarnir verða í íþróttahúsinu á Laugum á:  
mánudögum kl. 17:00,  
þriðjudögum kl. 16:00 og  
fimmtudögum kl. 16:00.  
Hver tími er klukkustund.

Munu nemendur í uppeldisfræði bjóða upp á ókeypis barnagæslu í öllum tímunum, sem er metin sem hluti af námi þeirra.

Æfingar eru hafnar og barnagæsla hefst mánudaginn 19. janúar. Hlökkum til að sjá þig!



## Hvað sem verður... komdu í hóp ánægðra viðskiptavina TM

Nýr umboðsmaður TM í Norðurþingi er Árni Pétur Hilmarsson.  
Tekur hann vel á móti viðskiptavinum okkar í nýju húsnæði  
að Garðarsbraut 26, Húsavík.

Verið velkomin — það er alltaf heitt á könnunni

Tryggingarástæða  
tm.is

Garðarsbraut 26  
640 Húsavík

Árni Pétur Hilmarsson  
Sími 371 8555  
GSM 866 3586



2.tbl.  
15. janúar  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



### Veislu- og fundasalur til leigu

Höfum til leigu aðstöðu fyrir smærri veislur, fundi eða matarstopp í Fnjóskadal í setri Gamla barnaskólans, Skógum. Gamli barnaskólinn er þar sem Vaðlaheiðargöngin koma út Fnjóskadalsmegin. Eldhúsaðstaða fylgir ef óskað er. Upplýsingar í síma 8498902.

### Ljósmyndir og munir

Gamli barnaskólinn leitar til fólks sem býr yfir gömlum ljósmyndum af fyrrum nemendum Skóga og væri tilbúið að gefa afrit. Myndirnar mættu vera fermingarmyndir eða hverslags myndir sem teknar voru af þeim í lífi og starfi. Frekari upplýsingar gefa Sigrún sími 8991010 og Agnes sími 8498902.

Eins leitum við eftir munum og myndum er tengjast barnaskólanum (handverk, skólabækur, stílabækur) og fyrir póst og símhluða hússins, t.d. gömlum sínum, póstkorti, póstlúðri og tösku (greiðsla í boði). Upplýsingar í síma 8498902.